

Höfuðborgarsvæðið

Höfuðborgarsvæðið er utan við starfssvæði Byggðastofnunar en engu að síður eru nokkur lán hjá fyrirtækjum sem eru

með lögheimili á svæðinu. Þessi lán eru tilkomin vegna kaupa stofnunarinnar á lánum Ferðamálasjóðs fyrir nokkrum árum og flutningi fyrirtækja af landsbyggðinni á höfuðborgarsvæðið. Um er að ræða níu fyrirtæki og einstaklinga með tíu lán hjá stofnuninni.

Á höfuðborgarsvæðinu búa nú um 63,7% þjóðarinnar og tæplega tveir þriðju af framleiðslu í landinu fara fram á höfuðborgarsvæðinu (Hagfræðistofnun og Byggðastofnun, 2011). Fjórir fimmtu af virðisauka á höfuðborgarsvæðinu koma úr þjónustu, ýmist einkarekinni eða opinberri en höfuðborgarsvæðið er

miðstöð þjónustu í landinu. Á árunum fram

til 2007 var hagvöxtur meiri á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni, þó að árinu 2005 undanskildu, samkvæmt tölum sem

kynntar eru í skýrslu Hagfræðistofnunar Háskólans og Byggðastofnunar frá 2011. Bæði árin 2008 og 2009 er hagvöxtur hins vegar minni á höfuðborgarsvæðinu en á landinu öllu. Á öllu tímabilinu frá 2004-2009 virðist hagvöxtur vera heldur

minni á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni, 21% á móti 26%. Atvinnuleysi mældist 8,2% á

Kennitölur - landshluti	Höfuðborgarsv
Lán Byggðastofnunar - staða 30.4.2012	77.662.157
sem hlutfall af heildarlánveitingum	0,46%
Vanskil	5.725.112
sem hlutfall af vanskilum í landshlutanum	7,37%
Íbúafjöldi 1. janúar 2012	203.594
Íbúafjöldi 1. janúar 2012 - karlar	101.092
Íbúafjöldi 1. janúar 2012 - konur	102.502
Íbúafjöldi - hlutfall af íbúafjölda landsins	63,71%
Íbúafjöldi - hlutfall karlar	49,65%
Íbúafjöldi - hlutfall konur	50,35%
Atvinnuleysi 2011	8,20%
Atvinnuleysi 2011 - karlar	8,60%
Atvinnuleysi 2011 - konur	7,80%
Starfafjöldi hjá viðskiptavinum BST	63
Útlán pr. stöðugildi	1.232.733

Tafla 2. Höfuðborgarsvæði - nokkrar kennitölur

Kennitölur - vinnusóknarsvæði	Höfuðborgarsvæði
Lán Byggðastofnunar - staða 30.4.2012	77.662.157
sem hlutfall af heildarlánveitingum	0,46%
Vanskil	5.725.112
sem hlutfall af vanskilum á svæðinu	7,37%
Íbúafjöldi 1. janúar 2012	203.594
Íbúafjöldi - hlutfall íbúa landsins	63,71%
Starfafjöldi hjá viðskiptavinum BST	63,00
Meðaltekjur á landinu öllu	4.077.900
Meðaltekjur á ári	4.226.805
Hlutfall af meðaltekjum á landinu	104%
Km frá höfuðborgarsvæði í þéttbýliskjarna	0

Tafla 3. Vinnusóknarsvæði á höfuðborgarsvæði - nokkrar kennitölur


	Höfuðborgarsv.		Landið allt	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur
Grunnskólapróf eða minna	16%	22%	22%	27%
Starfsnám í framhaldsskóla	3%	6%	3%	6%
Stúdentspróf	16%	20%	14%	19%
Iðnnám/ verknám/ meistarapróf	28%	9%	31%	9%
Grunnnám í háskóla	24%	30%	19%	27%
Framhaldsnám í háskóla	13%	14%	10%	11%

Tafla 1. Höfuðborgarsvæði - menntunarstig í samanburði við landið allt

höfuðborgarsvæðinu árið 2011 (Hagstofa Íslands, 2012). Höfuðborgarsvæðið sker sig úr varðandi menntun íbúa að því leyti að mun hærra hlutfall íbúa hefur lokið grunn- og framhaldsnámi í háskóla og mun lægra hlutfall íbúa hefur grunnskólanám eða minna (Byggðastofnun, 2012).

Útlán stofnunarinnar á þessu svæði standa í 77,6 mkr eða um 0,5% af útlánasafninu. Vanskil eru 5,7 mkr eða 7,4% af útlánum á svæðinu.

Á bak við þessi útlán standa 63 stöðugildi en það þýðir um 1 mkr/stöðugildi. Flest þessara lána eru vegna aðila í ferðapjónustu, um 63%.



Mynd 1. Höfuðborgarsvæði - skipting lána Byggðastofnunar eftir atvinnugreinum m.v. stöðu 30. apríl 2012